



Aðalfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum þ. 3.maí 2022.

Viðstaddar: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri Minjasafnsins. Þórdís Sveinsdóttir var í fjarfundi frá Melum í Fljótsdal.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Kjör endurskoðenda.
4. Húsnæðismál.
4. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi
5. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 16.00.

1. Ársskýrsla árið 2021.

Safnsstjóri kynnti og fór yfir ársskýrslu sem send hafði verið með fundargögnum. Fjölbreytt starfsemi var á starfsárinu og hefur færst aukið líf í safnastarfið eftir því sem dregið hefur úr áhrifum heimsfaraldurs. Engar breytingar urðu á starfsmannamálum eða stjórn. Starfsfólk safnsins vann á Seyðisfirði við björgun muna í kjölfar skriðufalla árið 2020 og í byrjun árs 2021 var settur saman björgunarhópur sérfræðinga á sviði minjavörslu og forvörslu sem starfsfólk Minjasafns Austurlands tók þátt í. Tækniminjasafn Austurlands óskaði eftir að Minjasafn Austurlands tæki til varðveislu nokkra muni sem björguðust úr skriðunni en að auki bærust safninu á annað hundrað gripir. Áfram var unnið að endurbótum í Kjarvalshvammi og gripir skráðir á Lindarbakka á Borgarfirði eystri.

Fjölgun varð á gestum safnsins frá árinu 2020 og erlendum gestum fjölgaði en aftur á móti fækkaði innlendum gestum. Tæplega 540 börn fengu fræðslu frá safninu og með þeim komu ríflega 90 kennarar.

Húsnæðismál safnsins eru óbreytt en vonir standa til að úr fari að rætast. Safnasjóður veitti 8 milljóna öndvegisstyrk til verkefnis sem kallað var Húsnæðisbylting Minjasafns Austurlands. Ráðstefnan Vegamót var haldin á Egilsstöðum af Minjasafni Austurlands og Félagi Þjóðfræðinga á Íslandi en á ráðstefnunni voru fluttir fyrirlestrar um fjölbreytt efni og ráðstefnugestir heimsóttu söfn á svæðinu. Safnið tók þátt í mörgum samstarfsverkefnum, m.a. Dögum myrkurs, BRAS, G-vítamín á þorra á vegum Geðhjálpar o.fl. Safnstjóri hefur tekið þátt í ýmsum starfshópum og nefndastarfi og var á árinu kosin í stjórn FÍSOS (Félag ísl.safna og safnmanna).

Stjórn lýsir mikilli ánægju með umfangsmikla starfsemi safnsins á árinu sem var um margt sérstakt m.a. vegna náttúruhamfara í lok árs 2020 og heimsfaraldurs Covid 19.

Ársskýrslan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2021.

Framlög sveitarfélaganna sem standa að safninu voru skv. áætlun 30 milljónir. Önnur rekstrarframlög voru 4,1 milljón og tekjur 1,6 milljón. Rekstrargjöld voru 49 milljónir og þar af voru laun og launatengd gjöld 26,3 milljónir sem er hærra en áætlun ársins reiknaði með.

Hækkunin skýrist af ráðningu sumarstarfsfólks sem fór fram úr áætlun. Rekstrartap ársins er samtals 13,2 sem skýrist að mestu af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1. Tap af hefðbundnum rekstri er 1,3 milljón og þ.a. milljón sem er tap frá fyrra ár. Stjórn samþykkir samhljóða ársreikning ársins 2021.

3. Kjör endurskoðenda,

Stjórn Minjasafnsins samþykkir að semja áfram við KPMG ehf. um endurskoðun reikninga safnsins.

Kristjana Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðs.

4. Húsnæðismál.

Á síðasta fundi stjórnar var bókað að ekki þættu berast nægilegar upplýsingar um stöðu framkvæmda við húsnæði Minjasafnsins. Forstöðumenn í Safnahúsinu fóru á fund byggingarnefndar þar sem farið var yfir málið. Í framhaldi af því var beint fyrirspurn til byggðaráðs um stöðu málsins og á fundi þess bókað að byggingarnefnd láti ljúka hönnun viðbótarbustar við Safnahúsið og jafnframt verði gert kostnaðarmat á þeirri framkvæmd.

5. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi.

Austurbrú stóð fyrir ráðstefnu um safnamál á Austurlandi í kjölfar skýrslugerðar um *Aukið samstarf eða sameiningu safna á Austurlandi*. Þar kynnti safnstjóri fræðslustarf safnsins. Safnið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði og Safnasjóði til að kanna fýsileika þess að koma upp sameiginlegu varðveisluhúsnæði fyrir söfn á Austurlandi. Framundan er málþing í Reykjavík um varðveisluhúsnæði sem safnstjóri mun flytja erindi á. Farskóli safnamanna verður haldinn á Hallormsstað í haust og stendur undirbúningur fyrir hann yfir. Minni viðburðir í aðdraganda páska voru haldnir m.a. í samstarfi við Bókasafn Héraðsbúa. Þeir voru vel heppnaðir og ágætlega sóttir. Sumarsýning safnsins verður opnuð 17.júní en á henni verða verk eftir franskan listamann með áherslu á hreindýr.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.25.

Fundargerð skrifaði Sigrún Blöndal